

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi, 13. nóvember 2019
Tilvísun: 2019020038

Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum (biðtími vegna refsinga o.fl.).

Meðfylgjandi eru athugasemdir og umsögn Útlendingastofnunar eftir yfirlestur frumvarps til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum (biðtími vegna refsinga o.fl.).


Útlendingastofnun telur ástæðu til að áréttta þá afstöðu sína að æskilegt væri að bætt verði við heimild til að víkja frá þeim skilyrðum laganna að umsækjandi sanni á sér deili og framvísi sakavottorði frá heimaríki þegar sérstaklega standi á. Til dæmis þegar umsækjandi geti ekki, stöðu sinnar vegna, farið til eða verið í sambandi við heimaríki sitt og er þar af leiðandi án fullnægjandi vottorða og/eða gagna. Undanþága sem þessi myndi fyrst og fremst eiga við um flóttafólk. Þá telur stofnunin rétt að áréttta þá afstöðu að æskilegt væri að skilgreina nánar við hvaða lágmarksframfærslustuðul skuli miða þegar lagt er mat á hvort umsækjandi geti sýnt fram á að hann geti áfram framfleytt sé á fullnægjandi hátt.

Þessi atriði má vel skýra í reglugerð. Til þess þyrfti þó að útvíkka reglugerðarheimild þá sem mælt er fyrir um í g-lið 2. gr. frumvarpsins þannig að hún næði jafnframt til 6. tölul. 9. gr. laganna.

Auk þess telur stofnunin ákjósanlegt að hafa ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga í lögum um íslenskan ríkisborgararétt.

Að lokum telur stofnunin að það ákvæði 3. gr. frumvarpsins sem yrði að 5. mgr. 9. gr. a. laganna ekki nægilega skýrt og gagnsætt auk þess sem ekki er að finna skýringar í athugasemdum frumvarpsins. Verði frumvarpið að lögum gæti því reynst flókið að reikna út biðtíma samkvæmt ákvæðinu.

F.h. Útlendingastofnunar


Vera Dögg Guðmundsdóttir